


Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins bs. Urðunarstaðurinn í Álfsnesi DEILISKIPULAGSBREYTING



Gildandi deiliskipulag af urðunarstaðnum í Álfsnesi. Samþykkt í hreppsnefnd Kjalarneshrepps 24. okt. 1990 og staðfest af skipulagsstjóra 1. júlí 1991. Myndin er skönnuð mkv. 1:10.000

Afmörkun deiliskipulags er breytt, annarsvegar fellur úr gildi afmörkun urðunarstaðar vestan Sundabrautar og hinsvegar er gert ráð fyrir því að nýta land á milli núverandi urðunarstaðar og fyrirhugaðar tengibrautar við Sundabraut (Viðisnesveg) sem sorpförgunarsvæði. Sorpförgunarsvæði vestan Sundabrautar er fellt út.

Tillagan er í samræmi við auglýsta breytingu á Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2014 sem auglýst var 26.10-07.012.2005.

GREINARGERÐ

Tilkoma Sundabrautar skerðir rými til urðunar og styttr endingartíma núverandi urðunarstaðar verulega. Tillaga að deiliskipulagi gerir ráð fyrir að miðað verður við endingu urðunarstaðarins til ársins 2014.

Innan athafnasvæðis sorpförgunar fer fram starfsemi tengd sorpförgun og endurvinnslu.

Afmörkun skipulagssvæðisins nær yfir um 46 ha landsvæði, þar af er stærð fyrirhugaðs urðunarsvæðis um 34 ha og er hámarkshæð fyllingar 50 m.y.s. sem er um það bil sú hæð sem er á núverandi vegi að svæðinu Viðisnesvegi. Hliðarhalli miðast við að nægur vatnshalli sé fyrir hendi og að fyllsta öryggis sé gætt þ.e. að ekki sé hætt á skriði úr hlíðum haugsins

Mörk milli jaðarsvæðis - og urðunarsvæðis er ekki bindandi og geta færst til eftir hönnun á yfirborði urðunarstaðarinnar innan skipulagssvæðisins.

Vestan fyrirhugaðar Sundabrautar er athafnasvæði Sorpu, þar hefur verið komið upp búnaði fyrir hreinsun sigvatns. Á afmörkuðu reit innan athafnasvæðisins er kvöð um hreinsun sigvatns. Kvöð er um lagnaleiðir frá urðunarstað að hreinsibúnaði fyrir sigvatn, þar sem frárennsli frá botndreni urðunarsvæðis verður leitt í gengum vegfyllingu Sundabrautar. Byggingarreitur er afmarkaður umhverfis hreinsimannvirkis. Gera þarf breytingu á deiliskipulagi verði farið í byggingu stærra hreinsimannvirkis en þess sem fyrir er, þar sem gerð verður grein fyrir stærð og umfangi mannvirkis.



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi af urðunarstaðnum í Álfsnesi. Mkv. 1:10.000

Aðkoma að urðunarstaðnum verður frá Viðisnesvegi og síðar eftir aðreini frá Sundabraut að Viðisnesvegi.


Öll framkvæmd sorpförgunar og þ.m.t. magn úrgangsefna til urðunar verður í samræmi við starfsleyfi. Frárennsli frá botndreni urðunarstaðarinnar verður leitt í gengum vegfyllingu Sundabrautar. Hreinsun sigvatns er tiltekin í starfsleyfi.

Samkvæmt samkomulagi milli Sorpu og Vegagerðarinnar er heimilt að fylla í vegstæði Sundabrautar eins og nauðsynlegt er vegna urðunar.

Uppbygging útivistarsvæðis hefst þegar við upphaf urðunar. Gróðursett verður og sáð grasi árlega, frágengið yfirborð í samræmi við framvindu urðunar. Af flatarmáli frágengins yfirborðs verður 50% trjáræktarsvæði og 50% grassvæði

Útfærsla trjáræktarsvæða skal vinna í samvinnu við garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar.

Fylgigagn með deiliskipulagi þessu er: Breyting á útlinum urðunarstaðarinnar í Álfsnesi, Reykjavík. Tilkynning framkvæmdar til ákvörðunar um matskyldu. Greinargerð unnin af Stuðli verkfræði- og jarðfræðipjónustu fyrir Sorpu bs. dagsett júlí 2005.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2014. Aðalskipulagsbreyting auglýst 26.10-07.12.2005

SAMPYKKTIR: Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 2006.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 25. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 var samþykkt í skipulagsráði þann 1. mars

og í borgarráði þann 9. mars 2006

Deiliskipulagsbreyting þessi var auglýst frá 20. mars 2006 með athugasemdafresti til 2. maí 2006

Auglýsing um gildistöku breytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 2006

Helga Þragadóttir

Deiliskipulagsbreyting þessi er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000

Með samþykkt þessa deiliskipulags fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag af urðunarstaðnum í Álfsnesi frá 24. okt. 1990.

REYKJAVÍKURBORG
Skipulag og byggingarvæðing, Borgartúni 3, sími 5532340, fax 5532319

LANDMÖTUN
HAMRABORG 12-200 HÖPVAÐUR - Sími: 554 5300 - Fax: 554 5300 - Netfang: landmotun@landmotun.is

STUÐULL
Verkfæði og jarðfræðipjónusta
URÐUNARSTAÐUR Í ÁLFNESI
TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI.

DEILISKIPULAG -
YFIRLITSUPPDRÁTTUR

KVARNR 1:10.000
VERKNR.

SKIPULAG:BJB, SGÁ
TEIKNÆ:BJB, SGÁ, AEK, PRS
SAMPYKKT

KT.
REYKJAVÍK
TEIKN. NR. dags. 24.02.2006

01